

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð nr. 1112/2006 um stofnanapjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Í stað orðanna „félags- og tryggingamálaráðherra“ í 2. gr. kemur: velferðarráðherra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 44. gr.“ í 2. mgr. kemur: ráðherra skv. 5. mgr. 48. gr.

2. másl. 3. mgr. orðast svo: Reglugerð nr. 598/2009, um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags, með síðari breytingu, gildir um framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins.

3. gr.

4. másl. 7. gr. orðast svo: Nú tekst stofnun ekki að innheimta hlut vistmanns í dvalarkostnaði og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.

4. gr.

4. másl. 11. gr. orðast svo: Nú tekst stofnun ekki að innheimta hlut vistmanns í dvalarkostnaði og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.

5. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í 15. gr. kemur: velferðarráðuneyti.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2011.

*Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. desember 2010.*

**Guðbjartur Hannesson.**

*Ágúst Þór Sigurðsson.*